

Reykjavík 16.12.2008

Alsherjarnefnd Alþingis 2008.

*Alþingi
Erindi nr. P 136/744
komudagur 19.12.2008*

Varðandi breytingu á lögum um líkhús og kirkjugarða.

Ágæta Alsherjarnefnd

Nú hefur forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma upplýst í grein í morgunblaðinu laugardaginn 13.12.sl. um áhyggjur sínar varðandi einkarekin líkhús sem nokkrir sjálfstætt starfandi útfararsjórar hafa sett upp og rekið á eigin reikning. Forstjórinn Þórsteinn Ragnarsson segir í þessari grein að hann og Biskupsstofa hafi ritað Alsherjarnefnd bréf og mótmælt því sem hann kallar (að opna fyrir einkavæðingu þjónustu með lagasetningu) á rekstri líkhúsa. Leggur hann áherslu á að slíkur rekstur eigi eingöngu að vera á hendi kirkjugarða og sjúkrastofnanna og rekið af skattfé landsmanna.

Til upplýsingar fyrir nefndina varðandi þessi mál og öll samskipti við starfandi útfararstjóra við Kirkjugarða og sjúkrastofnanir vil ég taka eftirfarandi fram.

1. Það er ekki verið að stíga eitthvert nýtt spor í einkavæðing líkhúsa með þessum lögum. Einkavæðing þessi er löngu hafin. Sjálfstætt starfandi útfararstjórar á Suðurnesjum og Selfossi hafa tekið að sér í samráði við sjúkrastofnanir þar að setja upp einkarekin líkhús. Og færa þessa þjónustu alfarið af sjúkrahúsunum út í bæ. Sjúkrahúsin þurfa ekki að halda úti húsnaði með öllu tilheyrandi tækjum fyrir þessa starfsemi. Aðstandendur greiða fyrir þessa þjónustu hjá útfararstjóra. Svona hefur það verið sl. þrjú ár.
2. Í Reykjavík setti Útfararþjónustan upp líkhús árið 2006 til að bæta þjónustu við skjólstæðinga okkar. Þá hafði verið tekið líkhúsgjald. 10 þúsund krónur á hvern látn sem fékk þarna inni. Umboðsmanur Alþingis taldi þessa gjaldtöku ekki í samræmi við lög svo það var fellt niður. Á fylgiskjal 1 með þessu bréfi má sjá athugasemdir mínar varðandi fund með forstjóranum þann 8. mars 2006. Í fylgiskjali 2 þá koma fram athugasemdir okkar félaga í Útfararstjórafélagi Íslands
3. Í núverandi lögum um kirkjugarða er þess getið að kirkjugarðs stjórn sé heimilt að reisa kapellu og líkhús. Einnig segir þar : Skyllt er kirkjugarðsstjórn að annast greiftrunarkirkjur og kosta rekstur þeirra..... Ekki er heimilt í lögum um að taka upp líkhúsgjald !
4. Í fylgiskjali 3 Bréf til Hjálta Zophoniassonar frá 30. nóv. 2008 kemur fram að reynsla mín af okkar líkhúsi sé mjög góð og sannarlegt dæmi um að hárrétt hafi verið hjá mér að fara út í þessa þjónustu. Sjá bréf.
5. í fylgiskjali 4 sem er "algert trúnaðarmál" koma fram tvær alvarlegar ákærum á starfsfólks Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma þar sem friðhelgi látina var ekki virt. Í samráði við presta og ráðuneytið var ekki kært í þessum tilfellum en málið litið alvarlegum augum. Þetta læt ég fylgja til að sýna fram á hvað þessi mál eru vand með farinn. Varðveisla látinna er ekki endilega best komið í höndum einhverra starfsmanna viðkomandi kirkjugarða. Auðvitað á útfararstjóri sá sem valin er af aðstandendum að bera ábyrgur á hinum látna frá andláti til grafar. Það er af og frá að einhver stofnun eins og kirkjugarðar geti tekið yfir þau nánú tengsl sem myndast milli þessara aðila.

6. Skjal 5 og skjal 6 . Hér fylgja myndir af líkhúsi okkar og þann búnað sem við höfum komið okkur upp sjálfir. Aðstandendur hafa ekki þurft að greiða neitt aukagjald/ líkhúsgjald fyrir þessa þjónustu. Útfarargjaldið sem aðstandendur greiða til okkar er sambærilegt við það sem er hjá öðrum útfararfyrtækjum sem ekki eru með eigið líkhús en nota ríkisrekna líkhús Kirkjugarðanna.
7. Þeir útfararstjórar sem reka útfararþjónustu og hafa til þess leyfi dóms og kirkjumálaráðuneytis þurfa samkvæmt reglugerð (að eiga allan boðlegan búnað svo sem líkbíl, líkflutningsbíl og boðlega starfstöð. Það sem útfararstjóri á ekki sjálfur til rekstursins verður hann að sýna fram á að hann hafi aðgang að svo sem líkhúsi og fl.) eins og segir í reglugerð um útfararleyfi. Að vera með nýtt fullkomið líkhús með viðurkenndu eldvarnar og þjófavarnarkerfi þar sem friðhelgi og virðing hins látna er virt er sjálfsögð þjónusta útfararstjóra. Líkhúsið er eins og hver annar búnaður til reksturs útfararþjónustu. Í fullu samráði við reglugerðir og með vitund dóms og kirkjumálaráðuneytis.
8. Kirkjugarðar Hafnarfjarðar hafa rekið eins líkhús og okkar er frá 2006 án þess að hafa tekið líkhúsgjald. Einkennilegt er að Kirkjugarðar Reykjavíkur skuli ekki geta það líka fyrir þær 330 milljónir sem það fær í skatttekjur. Sennilega vakir það fyrir stjórn Kirkjugarðanna að fá sérstakt skattfé til rekstur líkhúss. Því verði að tryggja að rekstur þeirra sé eingöngu á hendi kirkjugarða og sjúkrastofnana. Þá þarf að setja á sérstakann skatt og tryggja fé úr ríkissjóð til þess reksturs . Hærrí skattar á borgarana?
9. Verði þessi mál áfram með þeim hætti sem hingað til þá þarf ekki neina skattahækkun. Aðstandendur greiða þann kostnað sem fylgir hverju andláti á þess að greiða líkhúsgjald.

Það er von mín að þær upplýsingar sem ég sendi ykkur nú varpi litlu ljósi á störf okkar útfararstjóra og þá ábyrgð sem við reynum að sýna í okkar starfi. Ég hef starfað við útfarir s.l. 25. ár. Þar af 19. ár með mitt eigið fyrtæki ásamt sonum mínum. Við sjáum um 200 til 300 útfarir og kistulagningar á ári. Við höfum ávallt lagt okkur fram um að þjóna þeim sem til okkar leita að heillindum og af fremsta megni. Við höldum góðu sambandi við aðra útfararstjóra og fylgjumst vel með öllum nýjungum erlendis. Góð samvinna og friður hefur verið um alla þessa starfsemi meðal útfararstjóra og aðstandenda að öllu jöfnu.

Það getur ekki verið í verkahring kirkjugarða að reka líkhús. Kirkjugarðar eiga að hugsa um grafartöku og umhirðu garða. Til þess fá garðarnir skattfé. Ekki í einhver gæluverkefni mismunandi eftir landshlutum.

Það veldur okkur útfararstjórum talsverðum hugarangri þegar einhverjir “kerfiskallar” sem aldrei hafa starfað við útfarir og vita lítið um vinnuferil frá andláti til grafar eru endalaust með tilraunir til þess að handstjórna með boðum og bönnum vinnu okkar fyrir aðstandendur.

Lögin eins og þau komu frá ráðuneytinu til Alþingis voru skoðuð af okkur útfararstjórum og samþykkt þannig. Þau eru ásættanleg óbreitt. Hægt að vinna í anda þessara laga í góðri sátt við aðstandendur með fullri virðingu fyrir hinum látna.

Í vinsemd og virðingu

Rúnar Geirmundson
Rúnar Geirmundson

Útfararstjóri

Rúnar Geirmundson

endur áttur Nítjándu

Eign lífeyrissjóðsins í árslok 2007 var um 270 milljarðar króna. Þar af voru um 22% í innlendum hlutabréfum. Meginhluti eigna sjóðsins var hins vegar og er ávaxtaður í dreifðu safni innlendra skuldabréfa sem námu 46% af eignum og í erlendum verðbréfum sem voru 32% eigna. Skuldabréfasafnið samanstendur af ríkistryggðum skuldabréfum, lánveitingum til sjóðfélaga og öðrum skuldabréfum. Erlenda verðbréfaeignin er í hlutdeildarskrifteinum erlendra hlutabréfa- og skuldabréfasjóða þannig að fjárfestingarnar eru vel áhættudreifðar eftir útgefendum, landsvæðum og atvinnugreinum. Erlendu verðbréfaeigninni er stýrt af virtum erlendum fjárvörsluáðilum.

Fjárfestingar í innlendum hlutabréfum

Samkvæmt fjárfestingarstefnu LV fyrir árið 2008 skal hlutfall innlendra hlutabréfa að hámarki vera 25% af eignum sjóðsins, þar af skulu að lágmarki 90% vera í skráðum félögum. Í árslok 2007 námu skráð innlend hlutabréf um 21% af eignum. Fjárfestingarnar samanstóðu af eignarhlut í 15 félögum, þ.e. flestum félögum í úrvalsvisítölu Kauphallarinnar. Auk ákvæðis í fjárfestingarstefnu um hámarks hlutfall tiltekinna eignaflokka hefur stjórn sjóðsins mótað nánari reglur um ráðstöfun fjármagns og eignastýringu. Eignarhlutur í einstökum félögum má ekki vera hærra en 15% af hlutafé viðkomandi félags

Á sama tíma nam með-
ávöxtun úrvalsvisítölu LV,
Uppsöfnuð umframávöxtun LV
samanborið við úrvalsvisítölu
var því 102% á þessu ellefu ára
tímabili. Hlutabréfasafn LV
sýndi 19,5% árlega raunávöxtun
yfir 28 ára tímabil til ársloka
2007. Eftir fall bankanna var
raunávöxtun hlutabréfaeignar líf-
eyrissjóðsins reiknuð og sýnir
safnið nú 8,5% árlega raun-
ávöxtun yfir tæplega 29 ára tíma-
bil.

Meðalraunávöxtun LV síðustu
5 árin var 10,6% í árslok 2007 og
síðustu 10 árin er meðalraun-
ávöxtunin 6,9%. Sjóðurinn hefur
sýnt aðra hæstu ávöxtun á liðn-
um árum meðal lífeyrissjóðanna.

Góð ávöxtun eigna sjóðsins hef-
ur gert honum kleift að auka líf-
eyrisréttindi um 21,1% umfram
verðlagsbreytingar frá árinu
1997.

Stjórnarhættir fyrirtækja

Við ákvarðanir um fjárfest-
ingar í hlutafélögum er m.a. litið
til reglna OECD um stjórn-
arhætti fyrirtækja og reglna Við-
skiptaráðs Íslands, Kauphallar
Íslands og Samtaka atvinnulífsins
um stjórnarhætti fyrirtækja.

Lífeyrissjóðurinn gegnir eig-
endaskyldum sínum með virkum
hætti og kemur ábendingum um
rekstur og stefnu fyrirtækja auk
bætttra stjórnarháttanna sem sjóð-
urinn er hluthafi í á framfæri á
hluthafafundum og/eða með bein-
um samskiptum við stjórnendur
viðkomandi fyrirtækja.

Reglur stjórnáráðs um hæfi

Áhrif fjármálakreppunnar

Rétt er að áréttu upplýsingar
sem birtar voru á heimasíðu líf-
eyrissjóðsins í byrjun nóvember
um áhrif fjármálakreppunnar á
séreignardeild sjóðsins en eignir
séreignardeildarinnar hafa verið
ávaxtaðar með hlífðstæðum hætti
og aðrar eignir lífeyrissjóðsins.
Þar kom fram að lækkun á eign-
um sjóðsins vegna fjármála-
kreppunnar næmi 14,4%. Vegna
óhagstæðrar þróunar á inn-
lendum og erlendum fjár-
málamörkuðum nemur lækkun
eigna sjóðsins frá áramótum
23,4% í lok október.

Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða segir
til um möguleika til að auka rétt-
indi eða þörf á að skerða þau.
Gerð hefur verið tryggingafræði-
leg úttekt á stöðu sjóðsins miðað
við næstu áramót á grundvelli
áætlaðra stærða. Niðurstöðurnar
sýna áætlaða neikvæða stöðu
sjóðsins um 9,6% um næstu ára-
mót. Lög um skyldutryggingu líf-
eyrisréttinda og starfsemi lífeyr-
issjóða kveða á um að ef munur
eignarliða og skuldbindinga fer
umfram 10% verði að grípa til
ráðstafana. Reynist niðurstaða
ársins í samræmi við áætlun
tryggingafræðingsins þarf ekki
að koma til lækkunar lífeyris og
réttinda um næstu áramót.

Höfundur er forstjóri Lífeyrissjóðs
verzlunarmanna.

Kirkjugarðafrumvarpið

Þórsteyninn Ragn-
arsson skrifar um
framtíðaráform
Kirkjugarða
Reykjavík-
urprófastsdæma

DÓMS- og kirkju-
málaráðherra lagði
fram á Alþingi rík-
isstjórnarfrumvarp
um breytingu á lögum
um kirkjugarða í jan-
úar sl. og var þá
áformað að afgreiða
það á vörþinginu.

Um er að ræða löngu tímabærar
breytingar og viðbætur á laga-
bálknum. Alþingi afgreiddi frum-
varpið ekki á vörþinginu og var það
lagt fyrir þingið í haust og áformað
er að afgreiða það á yfirstandandi
þingi. Veigamikil breyting hefur
verið gerð á frumvarpinu frá því að
það var afgreitt á kirkjuþingi haustið
2006. Kirkjuþing leggur áherslu á
að rekstur líkhúsa á Íslandi verði
áfram í samfélagslegri umsjón, þ.e.
að kirkjugörðum og heilbrigð-



Þórsteyninn
Ragnarsson

isstofnunum verði með
lagasetningu falin þessi
þjónusta. Nú er það
ætlun ríkisstjórn-
arinnar að opna fyrir
einkavæðingu þjónust-
unnar með lagasetn-
ingu. Þessu hafa
stjórnir Kirkjugarða-
sambands Íslands og
Kirkjugarða Reykja-
víkurprófastsdæma
ásamt Biskupsstofu
mótmeitt með bréfi til
allsherjarnefndar Al-
þingis nú í haust. Verði
frumvarpið að lögum óbreytt er
kominn lagagrundvöllur fyrir einka-
rektnar útfararstofur að stofna eigið
líkhús og þá gæti svo farið að á höf-
uðborgarsvæðinu yrðu 4-5 mis-
stórar líkgeymslur settar á lagg-
irnar.

Þess má geta að hin Norð-
urlöndin hafa ekki einkavætt þessa
samfélagsþjónustu en Danir munu
hafa gert tilraun með það fyrir
nokkrum áratugum en fallið síðan
frá því.

» Einkavæðing getur
ekki átt rétt á sér
einkavæðingarinnar
vegna, ekki má setja
hagsmunir örfárra fram
yfir almannaheill.

Einkavæðing getur ekki átt rétt
á sér einkavæðingarinnar vegna –
það þarf nú sem fyrr að hafa hags-
muni fjöldans í huga, ekki má setja
hagsmunir örfárra fram yfir al-
mannaheill. Frumvarpið setur
rekstur líkhússins í Fossvogi í upp-
nám og öll framtíðaráform Kirkju-
garða Reykjavíkurprófastsdæma
um uppbyggingu á þessu sviði. Það
ættu þingmenn, hvar í flokki sem
þeir standa, að hafa í huga, þegar
frumvarpið verður afgeitt.

Höfundur er formaður Kirkjugarða-
sambands Íslands og forstjóri Kirkju-
garða Reykjavíkurprófastsdæma.

á mann

7.400 kr.

udagskvöld

m að jólum

ekki af drykkjum.



luturninn

1. Kópavogi

7500